



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 1. júní 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga, 498. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. maí sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Áform um frumvarp til sóttvarnalaga

Í nóvember 2021 kynnti heilbrigðisráðuneytið til samráðs áform um heildarendurskoðun á núgildandi sóttvarnarlögum í samráðsgátt stjórnvalda. Í upplýsingum ráðuneytisins kom fram að áformað væri að gera breytingar á því hvernig opinberar sóttvarnaráðstafanir eru ákvarðaðar, ekki síst á grundvelli fenginnar reynslu af heimsfaraldrinum.

Í umsögn umboðsmanns barna um áformin var sérstaklega áréttað að fengin reynsla hafi sýnt að heimsfaraldurinn og ekki síst opinberar sóttvarnaráðstafanir, hafi haft veigamikil og alvarleg áhrif á líðan, stöðu og réttindi barna í íslensku samfélagi. Því taldi umboðsmaður það miður, að í áformum heilbrigðisráðuneytisins um fyrirhugaða lagasetningu, væri ekki minnst einu orði á börn né Barnasáttmálann sem ætti að koma til álita á sama hátt og Mannréttindasáttmáli Evrópu. Í umsögn sinni áréttaði umboðsmaður að Ísland hafi undirritað, fullgilt og lögfest Barnasáttmálann og hafi því skuldbundið sig til þess að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að réttindi þau sem þar er kveðið á um nái fram að ganga. Þá brýndi umboðsmaður fyrir ráðuneytinu að frumvarp til laga, þar sem verið er að leggja til verulega íþyngjandi aðgerðir sem varða börn, hagsmuni þeirra og réttindi, án þess að gerður sé nokkur greinarmunur á börnum og fullorðnum, brjóti í bága við Barnasáttmálann. Því benti umboðsmaður ráðuneytinu á nauðsyn þess að við gerð frumvarpsins verði fjallað um og hugað að meginreglum Barnasáttmálans sem og ákvæðum sáttmálans um rétt barna til upplýsinga, þátttöku og áhrifa, framkvæmd mats á áhrifum á börn og að ávallt skuli taka ákvarðanir sem varða börn út frá því sem þeim er fyrir bestu.

Frumvarp til sóttvarnalaga í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2022

Þann 31. janúar 2022 kynnti heilbrigðisráðuneytið til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda, nýtt frumvarp til sóttvarnalaga. Þar er vísað í umsögn umboðsmanns barna og tekið fram að um mikilvæga umsögn hafi verið að ræða og talið rétt að umboðsmaður barna gefi ítarlegri umsögn við frumvarpið sjálft. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki sé talið ráðlegt að sérákvæði gildi um börn að því er varðar opinberar sóttvarnaraðgerðir, en á grundvelli umsagnarinnar hafi verið talið rétt að gera breytingu á tiltekinni grein frumvarpsins og vísa sérstaklega til hagsmuna barna í ákvæðinu.

Í umsögn umboðsmanns barna um frumvarpið kom fram að það sé grundvallarsjónarmið Barnasáttmálans að taka eigi sérstakt tillit til barna sem viðkvæms hóps sem samningurinn tryggir ýmis grundvallarréttindi. Þá áréttaði umboðsmaður að tilkoma Barnasáttmálans hafi fyrst og fremst byggst á því sjónarmiði að aðrir mannréttindasamningar og sáttmálar hafi ekki gengið nógu langt í því að viðurkenna sérstöðu barna og tryggja þeim ýmis grundvallarréttindi með hliðsjón af viðkvæmri stöðu þeirra. Þá setti umboðsmaður fram það mat sitt að frumvarp til laga um sóttvarnir, sem veitir heimild til íþyngjandi ráðstafana, sem ljóst er að geta haft veigamikil áhrif á börn brjóti augljóslega í bága við ákvæði sáttmálans. Þar sem ekki er gerður greinarmunur á börnum og fullorðnum og engin umfjöllun er um Barnasáttmálann, réttindi barna, þarfir þeirra og hagsmuni. Með hliðsjón af því benti umboðsmaður barna á að auk tilvísunar til hagsmuna barna, sé einnig nauðsynlegt að taka sérstaklega fram, að ákvarðanir og aðgerðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir og sem varða börn, eigi að byggja á því sem þeim er fyrir bestu. Þá er að mati umboðsmanns barna einnig nauðsynlegt, að kveðið sé á um það í frumvarpinu, að áður en ráðist er í sóttvarnaaðgerðir sem fyrirsjáanlegt er að hafi áhrif á börn, eigi að framkvæma sérstakt mat á áhrifum þeirra á börn, en það á ekki síst við um takmarkanir á skóla- og frístundastarfi.

Einnig áréttaði umboðsmaður barna að í kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um samræmi frumvarpsins við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar eru ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar sem og mannréttindasáttmála Evrópu talin upp. Í þeirri umfjöllun er hins vegar ekki minnst á Barnasáttmálann, en að mati umboðsmanns barna er brýnt að bætt sé úr því, með viðbót við þann kafla, með umfjöllun um þau ákvæði Barnasáttmálans sem fyrirsjáanlegt er að reyni á við opinberar sóttvarnaráðstafanir. Einnig gerði umboðsmaður athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu stjórnvalda og ber sóttvarnaryfirvöldum samkvæmt ákvæðinu að standa fyrir eða stuðla að eins greinargóðri upplýsingagjöf til almennings og unnt er. Tók umboðsmaður barna fram að barnaréttarnefndin hafi lagt ríka áherslu á að heilsufarslegar upplýsingar og fræðsla um heilsutengd atriði séu aðgengilegar börnum og settar fram á barnvænu máli þannig að börn á mismunandi aldurs- og þroskaskeiði skilji inntak þeirra. Umboðsmaður áréttaði því nauðsyn þess að kveðið verði sérstaklega á um rétt barna til upplýsinga við hæfi, um sóttvarnaaðgerðir sem snerta þau, í 18. gr. frumvarpsins og nefndi sem dæmi um slíka upplýsingagjöf til barna samstarf sóttvarnalæknis og umboðsmanns barna um vinnslu og framsetningu upplýsinga til barna um bólusetningar gegn Covid-19.

Einnig gerði umboðsmaður barna athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um jafnræði og meðalhóf, en þar er sérstaklega áréttað að ekki skuli stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin felur í sér hættu á útbreiðslu farsóttar, en umboðsmaður setti fram það mat sitt að fullt tilefni sé til að áréttu sérstaklega í sömu grein, mikilvægi skóla- og tómstundastarfs fyrir öryggi og velferð barna og að það starf skuli ekki sæta takmörkunum nema brýna nauðsyn beri til.

Umboðsmaður benti einnig á mikilvægi þess, að í frumvarpinu verði tekið fram, að við töku ákvarðana um opinberar sóttvarnaráðstafanir sem fyrirsjáanlegt er að hafi áhrif á börn, eigi að hafa samráð við fulltrúa barna og þá aðila sem vinna að hagsmunum þeirra, eins og t.d. embætti umboðsmanns barna en umboðsmaður lýsti sig jafnframt reiðubúinn til samstarfs og samráðs við frekari vinnslu frumvarpsins. Tekið skal fram að heilbrigðisráðuneytið hefur á engum tímamarki óskað eftir samráði eða samtali við umboðsmann barna um frumvarpið.

Frumvarp til sóttvarnalaga lagt fram á Alþingi

Í greinargerð frumvarpsins til sóttvarnalaga sem nú er til meðferðar á Alþingi kemur fram, að ráðuneytið telji ekki nauðsynlegt að kveða á um það í frumvarpinu, að ákvarðanir sem frumvarpið gerir ráð fyrir og sem varða börn, eigi að byggja á því sem þeim er fyrir bestu. Þá telur ráðuneytið það ekki nauðsynlegt að fram komi í frumvarpinu að áður en ráðist er í sóttvarnaaðgerðir sem fyrirsjáanlegt er að hafi áhrif á börn, eigi að framkvæma sérstakt mat á áhrifum þeirra á börn, enda sé það mat skyldubundið. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að upplýsingaskylda stjórnvalda skv. 18. gr. frumvarpsins verði eðli málsins samkvæmt ekki uppfyllt nema upplýsingar verði aðgengilegar börnum og settar fram á barnvænu máli. Ráðuneytið tilgreinir þó sérstaklega í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins, að í upplýsingaskyldu til almennings „*geti m.a. falist að setja upplýsingar fram sem beint er til barna á barnvænu máli*“.

Með hliðsjón af öllu framangreindu vill umboðsmaður barna árétta, að tillögur umboðsmanns um viðbætur við frumvarpið, byggja á fenginni reynslu síðustu tveggja ára, þar sem umboðsmaður barna hefur ítrekað þurft að gera athugasemdir við framkvæmd sóttvarnaaðgerða, sem ekki hafa samrýmst ákvæðum Barnasáttmálans. Á því tímabili voru fjölmargar ákvarðanir teknar sem varða börn og daglegt líf þeirra, án aðkomu þeirra, eða þeirra aðila sem hafa það hlutverk lögum samkvæmt, að gæta hagsmuna þeirra og réttinda. Þá var misbrestur á því að börn hafi fengið upplýsingar við hæfi.

Ráðuneytið hefur þannig tekið ákvarðanir um afar íþyngjandi ráðstafanir sem varða börn með beinum hætti, án þess að mat hafi verið lagt á áhrif þeirra á börn, og án þess að gripið hafi verið til mótvægisáðgerða, til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á börn. Þær ákvarðanir hafa falið í sér verulega umfangsmiklar skerðingar á daglegu lífi barna og lífsgæðum þeirra sem hafa svo sannarlega ekki alltaf verið börnum fyrir bestu. Langtímaáhrif þeirra ráðstafana á börn, eiga enn eftir að koma í ljós.

Að öllu framansögðu virtu, fagnar umboðsmaður þó því, að ráðuneytið taki það sérstaklega fram í greinargerð frumvarpsins, að það sé skuldbundið til þess að virða ákvæði Barnasáttmálans í öllum ákvörðunum og aðgerðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Umboðsmaður barna mun áfram sinna hlutverki sínu sem opinber talsmaður barna, með því að minna á þær skyldur og veita ráðuneytinu aðhald og eftirlit við framkvæmd sóttvarnalaga og innleiðingu aðgerða á grundvelli laganna sem varða börn.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna